

Nd. 56. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 106 8. sept. 1941, um húsaleigu.

Flm.: Áki Jakobsson.

1. gr.

Í 3. og 4. gr. laganna falli niður orðið „fasteignamatsnefnd“.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Húsaleigunefnd skal í kaupstöðum skipuð 5 mönnum, en í hreppsfélögum 3. Húsaleigunefnd er kosin af viðkomandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd til eins árs í senn. Samtímis skulu kosnir jafnmargir varamenn. Kosning er hlutbundin.

3. gr.

9. gr. falli niður. Greinatalan breytist samkvæmt því.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi húsaleigulögum er húsaleigunefnd aðeins í Reykjavík, en þar er hún skipuð af ríkisstjórninni og hæstarétti. Í öðrum kaupstöðum fela lögin fasteignamatsnefndum að gegna störfum húsaleigunefndar og loks eru í hreppsfélögum úttektarmönnum falin þessi mál. Reynslan hefur orðið sú, að þetta fyrirkomulag er með öllu óviðunandi, að minnsta kosti víða úti um land. Þau störf, sem húsaleigulögin fela þessum mönnum, eru mjög margvísleg og vandasöm og framar öllu eru þau mjög fjarskyld þeim störfum, sem fasteignamatsnefndir eða úttektarmenn almennt gegna. Menn, sem geta verið ágætlega til þess fallnir að eiga sæti í fasteignamatsnefnd eða vera úttektarmenn, geta verið með öllu óhæfir til þess að gegna hinum margbrotnu og erfiðu störfum, sem húsaleigulögin leggja þeim á herðar. Enda hefur það líka víða komið á daginn, einkum í kaupstöðunum, að fasteignamatsnefndirnar hafa verið til trafala og jafnvel hindrað það, að ýmis góð fyrirmæli húsaleigulaganna kæmu að notum.

Reynslan hefur orðið sú, að það lendir á bæjarstjórnunum og hreppsnefndunum að ráða bót á húsnæðisvandráðunum. Húsnæðislaust fólk getur auðvitað ekkert annað leitað. Það virðist því eðlilegt, að húsaleigunefndirnar séu kosnar af bæjarstjórnnum og hreppsnefndum. Þá eru mestar líkurnar til þess, að í nefndirnar séu valdir hinir hæfustu og duglegustu menn, sem völ er á. Það kemur viðkomandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd verst í koll sjálfri, ef hún velur óhæfa menn í þetta starf, af því að húsnæðislausu fólkið stendur eðlilega á henni.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því, að bæjarstjórnir eða hreppsnefndir kjósi húsaleigunefndirnar hlutbundnum kosningum til eins árs í senn. Með þessu móti er bæjarstjórnnum og hreppsnefndum veitt það mikið vald yfir nefndunum, að þær geta litið eftir því, að nefndirnar framfylgi húsaleigulögnum, en eins og kunnugt er, hefur verið mikill brestur á því. Reynist nefndirnar illa, er hægt að skipta um menn í þeim að ári liðnu.

Það er engin ástæða til að ætla það, að húsaleigunefndirnar gætu frekar misfarið með vald sitt, þó að þær yrðu myndaðar á þann hátt, sem farið er fram á í frv. þessu. Hitt er vafalaust, að þessi breyting á skipun húsaleigunefndanna mundi leiða til þess, að húsaleigulögin yrðu framkvæmd margfalt betur en nú á sér stað, með þeim afleiðingum, að mikið mundi draga úr húsnæðisvandráðunum.

Nánar í framsögu.